

Móttaka/söfnun á veiðarfærum, spilliefnum, lyfjum, raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Áhersluverkefni Umhverfisgæðahóps 2018

Febrúar 2020



Heiti skýrslu: Móttaka og söfnun á veiðarfærum, spilliefnum, lyfjum og raf- og rafeindatækjaúrgangi.
áhersluverkefni 2018.

Útgáfunúmer: UST-2020:04

Mánuður, ár: Febrúar 2020

Unnið af: Umhverfisstofnun

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is


Inngangur

Í samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga um allt land eru valin áhersluverkefni í eftirliti ár hvert. Árið 2018 var ákveðið að leggja áherslu á að skoða móttöku sveitarfélaga á rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi auk móttöku veiðarfæra, spilliefna og lyfja. Heilbrigðiseftirlitið sá um framkvæmd eftirlitsins og skiluðu níu af tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum niðurstöðum til Umhverfisstofnunar. Samtals var farið í eftirlit á 44 söfnunarstöðvar (gámastöðvar) fyrir úrgang og skiluðu heilbrigðiseftirlitin gögnum inn á sameiginlegt vefsvæði. Skilgreiningin á söfnunarstöð (gámastöð) er skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og telst vera staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum þáðan sem hann fer til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva til frekari meðhöndlunar.

Þeim tegundum úrgangs sem um ræðir, að undanskildum veiðarfærum, er safnað á söfnunarstöðvum á ábyrgð sveitarfélaga, sbr. 8. gr. í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Frá söfnunarstöðvunum er úrganginum komið í viðeigandi farveg, s.s. spilliefnamóttökur þar sem hann er meðhöndlaður og komið til frekari endurvinnslu. Um raf- og rafeindatækjaúrgang gildir reglugerð nr. 1061/2018. Um rafhlöður og rafgeyma gildir reglugerð nr. 1020/2011. Um spilliefni gilda reglugerðir nr. 806/1999 um spilliefni og nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) safna og hafa milligöngu um endurvinnslu veiðarfæra úr gerviefnum samkvæmt samningi þar um milli SFS og Úrvinnslusjóðs.

Almennt um söfnunarstöðvar

Kannað var hvernig aðgengi er að söfnunarstöðvum sveitarfélaga og þá hvernig opnunartíma væri háttað, aðgangstakmarkanir og mönnun stöðva.




Mynd 1. Aðgengi og rekstur söfnunarstöðva, opnunartími, aðgangstakmarkanir og mönnun stöðva.

Flestar söfnunarstöðvanna eru reknar á lóðum sem lokaðar eru fyrir almennri umferð utan opnunartíma þegar starfsfólk er að störfum. Í einhverjum tilfellum voru aðgangstakmarkanir ófullnægjandi, þ.e. frágangi girðinga og hliða var ábótavant.

Móttaka rafhlaða og raftækja.


Í viðaukum við reglugerðir um raf- og rafeindatækjaúrgang sem og rafhlöður og rafgeymi er kveðið á um hvernig frágangi skuli háttað, m.a. hvað varðar ílát og geymslustaði. Á söfnunarstöðvunum skulu vera til staðar viðeigandi ílát og þau varin veðri og vindum. Kannað var hvernig þessum atriðum væri háttað á söfnunarstöðvunum.



Mynd 2. Kröfur um geymslu á rafhlöðum, rafgeymum og raftækjum

Á öllum söfnunarstöðvum eru ílát til staðar fyrir rafhlöður og rafgeyma og á öllum stöðvum nema einni voru ílát fyrir raf- og rafeindatæki. Á meirihluta söfnunarstöðva var geymsla á rafgeymum og rafhlöðum sem og raf- og rafeindatækjaúrgangi í samræmi við ákvæði reglugerða. Á einhverjum stöðvum voru þó söfnunarílát óvarin fyrir veðri og vindum.

Einnig var skoðað hvort raftæki að raftæki væru flokkuð eftir tegund og ef svo í hversu marga flokka um væri að ræða. Á flestum stöðvum voru raftæki flokkuð í 2-5 flokka en á 10 stöðvum var ekkert flokkað. Þá voru á flestum stöðvum raftæki sett í brotamálsílát.




Mynd 3. Flokkun raftækja eftir tegundum



Mynd 4. Brotamálmsílát til staðar á söfnunarstöðvum.


Einnig var kannað hvort móttaka raftækja á söfnunarstöðvum væri íbúum að kostnaðarlausu og reyndist það vera á 43 af 44 stöðvum.



Mynd 5. Kostnaður íbúa við förgun raftækja.


Móttaka á veiðarfærum

Móttaka á veiðarfæraúrgangi fer fram á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, en er einnig safnað sérstaklega af SFS sem bera ábyrgð á úrvinnslu endurnýtanlegs veiðarfæraúrgangs úr gerviefnum sem tilgreind eru í viðauka XVII við lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald samkvæmt samningi við Úrvinnslusjóð.



Mynd 6. Móttaka veiðarfæraúrgangs á söfnunarstöðvum.


Við athugun heilbrigðiseftirlitanna kom í ljós að á tæpum helmingi söfnunarstöðva er tekið á móti veiðarfæraúrgangi. Af þeim stöðvum þar sem tekið er á móti veiðarfæraúrgangi senda sjö stöðvar úrganginn til endurvinnslu í gegnum SFS, sjö stöðvar senda hann annað og frá fjórum stöðvum fer veiðarfæraúrgangur til urðunar.




Mynd 7. Endastöðvar veiðarfæraúrgangs.

Móttaka lyfja

Á 12 söfnunarstöðvum er tekið á móti lyfjaúrgangi, níu þeirra senda úrganginn til brennslu og ein söfnunarstöð sendir úrganginn í apótek. Almennt kveða reglugerðir er varða lyfjaúrgang á um að úrgangur frá heilbrigðisstofnunum, þ.m.t. lyfjaúrgangur, sé sendur í brennslu.




Mynd 8. Móttaka lyfja á söfnunarstöðvum.



Mynd 9. Endastöðvar lyfja frá söfnunarstöðvum.


Móttaka spilliefna

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs fer meðhöndlun og móttaka spilliefna fram í sérstökum spilliefnamóttökum, hinsvegar er heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum á söfnunarstöðvum þar sem spilliefnunum er safnað og þau geymd í skamman tíma áður en þau eru send áfram til frekari meðhöndlunar hjá spilliefnamóttökum.




Mynd 10. Móttaka spilliefna á söfnunarstöðvum.

Á öllum söfnunarstöðvum er tekið á móti spilliefnum. Á flestum stöðvum eru spilliefnin flokkuð að einhverju leyti og því geymd í mismunandi ílátum. Á meirihluta stöðva eru ílátin sérstök spilliefnakör þó eitthvað sé um að slík kör séu ekki til staðar á stöðvunum. Á rétt rúmlega helmingi söfnunarstöðva standa spilliefnakör í lekabyttum eða í rými tengdu olúskilju.



Mynd 11. Móttaka og meðferð spilliefna á söfnunarstöðvum.

Meðhöndlun úrgangs felur í sér söfnun, geymslu, böggun, flokkun, flutning, endurnotkun, endurnýtingu, pökkun og förgun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þannig hafa söfnunarstöðvar ekki leyfi til að meðhöndla spilliefni að öðru leyti en til söfnunar og geymslu í skamman tíma eins og kom fram hér að framan. Við athugun á því hvort söfnunarstöðvar hefðu starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna kom fram að fimmtán stöðvar hefðu starfsleyfi og fjórtán stöðvar hefðu ekki leyfi. Hinsvegar kom fram í athugasemdum við svör heilbrigðiseftirlitanna að allar stöðvarnar hafa starfsleyfi til móttöku, söfnunar og geymslu spilliefna hvort sem svörin voru jákvæð eða neikvæð. Svörin við þessari spurningu virðast því benda til mismunandi skilnings á spurningunni.



Mynd 12. Starfsleyfi til móttöku spilliefna á söfnunarstöðvum til staðar.

Samantekt

Í áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita árið 2018 var skoðuð móttaka sveitarfélaga á rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi auk móttöku veiðarfæra, spilliefna og lyfja. Niðurstöður könnunarinnar sýna að aðgengi að söfnunarstöðvum er almennt gott, flokkun og geymsla raf- og rafeindatækja sem og rafhlaða og rafgeyma er í góðum farvegi en á einhverjum stöðvum mætti bæta frágang til að verja spilliefni gegn veðri og vindum. Um helmingur söfnunarstöðva tekur á móti veiðarfæraúrgangi og fer einhver hluti hans til endurvinnslu á vegum SFS en stór hluti veiðarfæraúrgangs fer í urðun eða annað. Móttaka og förgun lyfja er í samræmi við reglugerðir sem og móttaka spilliefna.